# lesendur hafa orðið

## Bráðum verður loðnan möppudýr...

Í dag skín sól, í dag sjá allir til
og drottinn blessar flesta hér um bil.
Alltaf stækkar armur Gunnars Thor
áfram rennur Davíðs sterki bjór.

Ég tilbið Gunnar taktfast dag og nátt
ég tilbið Gunnar bæði hátt og lágt.
Í armi Gunnars alsælu ég finn,
elsku himnaríkiskroppurinn.

Það á að banna bændum sauðfjárrækt
banna að landið verði sáð og plægt.
Það á að banna bæði hesta og kýr
bráðum verður loðnan möppudýr.

Kær kveðja,
Theodór Einarsson, Akranesi.



Bréfritari telur að draga mætti úr umferðarhættu við barnaheimilið á gatnamótum Langagerðis og Réttarholtsvegar með því að gert væri þar sérstakt útskot fyrir bíla.

## Slysagildra við Langagerði

Um daginn var minnst á Langagerði í Vísi og hættuna á slysum við barnaheimilið sem er þarna á gatnamótum Langagerðis og Réttarholtsvegar.

Ég fer þarna oft um og verð að segja að þarna er mikið hættuástand þegar umferðin er hvað mest í barnaheimilið á morgnana og kvöldin.

Bílarnir leggja þarna allir á blá-gatnamótin og er mikil mildi að ekki hafa orðið slys á börnunum sem þarna eru að skjótast milli bílanna út á götuna.

Að vísu eru börnin oftast í fylgd með foreldrum sínum, en fyrir utan það, þá er þarna stórhætta á slysum og enginn trygging fyrir því að litlu angarnir skjótist ekki eitthvað og þá er voðinn vís.

Mér finnst að umferðaryfirvöld þurfi að gera eitthvað í þessu máli. Það er ekki hægt að hafa svona starfsemi, án nokkurrar aðstöðu til þess að leggja bílum.

Ég styð þá hugmynd sem kom fram í Vísi um daginn að búa til aðakstur að hliði barnaheimilisins um graseyjuna sem er þarna fyrir framan. Grasið er auðvitað alltaf fallegt en bæði þarf lítið af því að hverfa og svo finnst mér nú að öryggi borgarbúa hljóti að vera öllu öðru æðra í svona málum.

Mér þætti vænt um ef fleiri tjáðu sig um þetta mál. Það hljóta að vera margir sem taka eftir hættunni þarna. Þeir ættu að segja sitt álit á þessu og koma með hugmyndir. Betur sjá augu en auga.

Hvað segja til dæmis umferðaryfirvöld við þessu og hvað segir forstöðumaður barnaheimilisins?

P.Sig.

## Ekki talið ráðlegt að fara út í framkvæmdir

**Guttormur Þormar verkfræðingur hjá gatnamálastjóra:**

„Það var gerð könnun á umferðarþunga á árinu 1977 og kom þá í ljós að meginhluti þeirrar umferðar sem var í tengslum við barnaheimilið kom Langagerðismegin. Ennfremur var talið að ef útskot væri gert Réttarholtsmegin myndi það beina börnum á dagheimilinu út að Réttarholtsvegi þar sem umferð er mun hættulegri.

Það varð því niðurstaða gatnamálastjóra að ekki væri æskilegt að fara út í framkvæmdir á þessum stað. Var sú ákvörðun tekin strax á árinu 1978."



Lögreglan sektar ökumann fyrir of hraðan akstur: Bréfritari vill að sektir við of hröðum akstri verði margfaldaðar.

## Margföldum sektir

Stórslys í umferðinni eru orðin daglegt brauð — nú fyrir skömmu varð dauðaslys við Álfheima. Í flestum tilvikum er það glannaakstur ökumannsins sem er orsökin. Maður tekur eftir glannalegum akstri á Hverfisgötu, Njálsgötu, Barónsstíg, Skólavörðustíg, Hlíðunum og ekki má gleyma Vesturbænum. Enn furðulegra er, að sumir ökumenn aka helst hratt í þröngum götum og viðburður að þar sjáist lögregluþjónn. Þeir halda sig aðallega við aðalumferðargötur.

Ég vil taka það skýrt fram, að ég ásaka ekki einstaka lögreglumenn, alls ekki, heldur ásaka ég yfirstjórn lögreglumála og umferðarráð fyrir dæmalausan sofandaháttt. T.d. eyðir umferðarráð milljónum króna í bæklinga sem enginn les og maður sér unga fólkið sem Umferðarráð talar við, æða yfir á rauðu ljósi á öllum tímum.

Eitt sinn lét ég lögreglu vita um glannaakstur við Njálsgötu og Barónsstíg, en mér var ekki ansað þrátt fyrir að mörg slys hafi orðið á þeim gatnamótum.

Vonandi verður umferðarhraði minnkaður við þröngar götur og sektir við miklum ökuhraða margfaldaðar.

S.P.
Bólstaðahlíð.



Bréfritari vill koma á framfæri þakklæti vegna sýningar þeirrar er Bandalag kvenna stendur fyrir á Kjarvalsstöðum, en þessi mynd var einmitt tekin á tískusýningu sem haldin var í tengslum við hana.

## ÞAKKIR VEGNA KVENNALISTSÝNINGAR

Mig langar að koma þakklæti mínu á framfæri til Bandalags kvenna í Reykjavík fyrir sýninguna á Kjarvalsstöðum, því sendi ég þessar línur.

Ég er ein þeirra eldri, sem hafa gaman af prjónaskap og vefnaði, þess vegna fór ég um daginn að sjá sýninguna á Kjarvalsstöðum og eftir að hafa skoðað hana finnst mér að við konur höfum sofið varðandi þennan þátt menningar og lista í landinu, og svo sannarlega er kominn tími til að hann sé kynntur, það sannar þessi sýning með sínum fallegu hlutum fallega upp settum.

Ég hef þetta svo ekki lengra en vil að lokum þakka öllum aðstandendum sýningarinnar og óska þeim til hamingju, haldið áfram á þessari braut.

Sigríður Jónsdóttir,
Asparfelli 4, Rvík.

## sandkorn



Sæmundur Guðvinsson skrifar.

### Mismunun

Alveg er það makalaust hvað menn hafa gaman að velta fyrir sér stöðuveitingum hjá hinu opinbera. Við smápeðin í þjóðfélaginu höldum í einfeldni okkar, að það sé fyrir mestu að hæft fólk sé ráðið í trúnaðarstöður hjá ríki og sveitarfélögum. En fulltrúar stjórnmálaflokkanna virðast hafa unun af því að keppa hver við annan um að koma sínu fólki að, pólitískum flokksgæðingum sem í mörgum tilfellum eru mjög hæfir sem betur fer.

Það sem okkur gengur bara svo illa að skilja er það, að ákveðinn pólitískur flokkslitur geri menn hæfari embættismenn en þá sem lítil eða engin afskipti hafa af pólitík. Hér er um að ræða mismunun í þjóðfélaginu, þótt hún sé ekki milli kynja.

●

### Makalaus óhróður

Frásagnir og myndir Vísis af aðbúnaði skjólstæðinga Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar sem hafa fengið inni að Borgartúni 27 hafa vakið gífurlega athygli. Þykir flestum meira en nóg um sinnuleysi þessarar borgarstofnunar gagnvart aðbúnaði þessa fólks sem þarna er hýst á vegum hennar.

Hér er um að ræða fólk, sem hefur orðið undir í þjóðfélaginu af ýmsum orsökum. Allir venjulegir lesendur Vísis gerðu sér grein fyrir því að hér var ekki verið að blása upp ógæfu þessa fólks, heldur var slæmur aðbúnaður þess gerður opinber.

Viðbrögð Þjóðviljans við frásögn Vísis eru slík að menn standa agndofa. „Blaðamaður" Þjóðviljans, sem jafnframt er varaborgarfulltrúi, ræðst að blaðamanni og ljósmyndara Vísis með ásökunum um falsanir og að tilgangurinn hafi verið sá, að gera óhamingju þessa fólks að féþúfu. Húsnæðisfulltrúi borgarinnar er síðan látinn taka undir þennan makalausa óhróður.

Þjóðviljinn gerir ekki tilraun til að fjalla hlutlaust um málið. Blaðið minnist ekki einu orði á það, að fyrir þremur vikum ritaði forstöðumaður heilbrigðiseftirlitsins bréf til Félagsmálastofnunar og krafðist þess að úrbætur yrðu gerðar í Borgartúni 27.

Það getur vel verið að skíturinn í Borgartúni 27 sé pólitískur Alþýðubandalagsskítur, um það veit ég ekki og það kemur málinu ekkert við. En þökk sé Guðrúnu Helgadóttur borgarfulltrúa fyrir að fagna því að Vísir vakti athygli á ósómanum. Það er auðséð að hún gerir greinarmun á pólitík og blaðamennsku þótt blaðamenn Þjóðviljans geri það ekki.

●

### Ekki satt?

Sumir skila góðu starfi í dag og hugsa svo ekki meira um það. Aðrir ætla að vinna vel á morgun en hugsa ekki meira um það.